

Miðvikudaginn 2. nóvember 1966.

Nr. 141/1965. **Húsgagnavinnustofa**
Friðriks Þorsteinssonar h/f
 (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Sigurgeir Svanbergssyni
og gagnsök
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Legi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 34.174.96 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur aðaláfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 20. september 1965. Hefur hann krafizt sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum í gagnsök kr. 2.165.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur gagnáfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í gagnsök og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Snemma árs 1963 tók aðaláfrýjandi að sér smíði innbúnaðar í íbúð gagnáfrýjanda að Safamýri 93 hér í borg. Verkinu virðist hafa verið lokið í byrjun júlímánaðar 1963.

Meðan á verkinu stóð, greiddi gagnáfrýjandi samtals kr. 200.000.00 til aðaláfrýjanda vegna viðskiptanna. Í júlímánuði 1963 krafði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda um greiðslu fyrir smíðina. Samkvæmt reikningi aðaláfrýjanda nam heildarkostnaðurinn kr. 234.882.75, og eru vinnustundir starfsmanna aðaláfrýjanda við smíðina þar taldar 2.167.

Er aðaláfrýjandi krafði með málssókn eftirstöðvar kostnaðarins, taldi hann, að heildarkostnaður við smíðina hefði numið kr. 238.889.75, og stafaði munurinn af því, að vanreiknaðar hefðu verið í hinum fyrri reikningi 100 vinnustundir starfsmanna hans við verkið. Enn hefur aðaláfrýjandi leiðrétt vinnustundareikning sinn og talið, að vinnustundir séu vantaldar um 2.15, en oftaldar um 18.50. Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi talið vinnustundirnar alls 2.150.25 og sækir gagnáfrýjandi til greiðslu á kr. 34.174.96 (234.882.75 — 707.79 — 200.000.00).

Hinn 2. og 4. október 1963 fékk gagnáfrýjandi dómkvadda tvo sérfróða menn til „að meta til peningaverðs allar þær innréttingar, sem Friðrik Þorsteinsson innti af hendi bæði um efni og vinnu“.

Hinir dómkvöddu menn, Einar B. Kristjánsson húsa-smíðameistari og Ólafur H. Guðmundsson húsgagnasmiður, telja í matsgerð sinni, sem dagsett er 5. nóvember 1963, að hæfilegt verð fyrir efni og vinnu þá, er hér um ræðir, væri kr. 197.835.00. Leggur gagnáfrýjandi matsfjárhæðina til grundvallar um rétt verð verksins, og á henni er byggð sýknukrafa hans í aðalsök og endurheimtukrafa hans í gagnsök.

Eigi er sannað, að aðiljar hafi samið um, hvernig endurgjald fyrir smíðina skyldi greiða. Samkvæmt meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922 ber aðaláfrýjanda því það gjald fyrir smíðina, sem sanngjarnt má telja. Hinir dómkvöddu menn hafa staðfest matsgerð sína fyrir dómi, skýrt hana og heitfest vætti sín. Matsgerðin er þó eigi svo sundurliðuð sem þörf hefði verið á. Aðaláfrýjandi varð eigi við áskorun, sem Hæstiréttur beindi til hans, um að fá dómkvadda yfirmatsmenn til að meta smíðina til verðs. Verður því að

leggja mat undirmatsmannanna til grundvallar, enda getur niðurstaða héraðsdóms, eins og málinu er háttað, eigi hnekkkt því, þar sem hún er ósundurliðuð og órökstudd. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök.

Eigi eru efni til að dæma aðaláfrýjanda til endurgreiðslu á því fé, er gagnáfrýjandi hafði greitt án fyrirvara, og ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í gagnsök.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, er þykir hæfilegur kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Í aðalsök skal gagnáfrýjandi, Sigurgeir Svanbergsson, vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Húsgagnavinnustofu Friðriks Þorsteinssonar h/f.

Í gagnsök skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1965.

Mál þetta, sem var tekið til dóms hinn 10. f. m., hefur Húsgagnavinnustofa Friðriks Þorsteinssonar h/f hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 30. des. 1963, á hendur Sigurgeir Svanbergssyni, Safamýri 93, hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð 38.889.75 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins voru þær breytingar gerðar á kröfum aðalstefnanda, að höfuðstóll stefnukröfunnar var lækkaður í kr. 38.181.96, og frá 1. janúar 1965 er nú krafizt 7% ársvaxta.

Af hálfu aðalstefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum aðalstefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda að skaðlausu.

Í stefnu aðalsakar er málavöxtum lýst svo, að aðalstefnandi

hafi á fyrri hluta ársins 1963 tekið að sér að smíða og setja upp innréttingar í íbúð aðalstefnda að Safamýri 93 og hafi verið unnið í tímavinnu skv. gjaldskrá. Aðalstefndi hafi fylgzt með framkvæmd verksins og hafi aldrei komið með umkvartanir eða haft uppi neinn ágreining um vinnuna eða framkvæmd verksins. Heildarreikningur aðalstefnanda fyrir verkið hafi numið kr. 238.889.75 og hafi aðalstefndi greitt upp í reikninginn kr. 200.000.00, en síðan hafi hann neitað að greiða meira.

Við munnlegan flutning málsins var reikningsfjárhæð aðalstefnanda lækkuð um kr. 707.79 vegna skekkju í vinnulistum.

Með stefnu, útgefinni hinn 20. maí 1964, höfðaði aðalstefndi gagnsókn í málinu til endurgreiðslu á kr. 2.165.00 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu aðalstefnanda eru þær dómkröfur gerðar í gagnsök, að hann verði sýknaður af kröfum aðalstefnda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnda að mati dómsins.

Í gagnstefnu er málavöxtum gagnsakar lýst svo, að aðalstefnandi hafi á árinu 1963 tekið að sér að smíða ýmsar innréttingar í hús aðalstefnda. Heildarreikningur fyrir verkið hafi numið kr. 238.889.75. Aðalstefndi hafi síðan greitt upp í reikninginn kr. 200.000.00 í fernu lagi. Þar eð reikningur aðalstefnanda hafi verið mun hærri en um var samið, hafi aðalstefndi fengið dómkvadda matsmenn til að meta verkið, bæði efni og vinnu. Niðurstöðufjárhæð matsins hafi orðið kr. 197.835.00 og sé stefnukraftan í gagnsök mismunur þeirrar fjárhæðar og fjárhæðar þeirrar, sem stefndi hafi í góðri trú greitt aðalstefnanda.

Friðrik Þorsteinsson húsgagnsmíðameistari, fyrirsvarsmaður aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að aðalstefndi og eiginkona hans hafi komið til sín með teikningar og verklýsingu af innréttingum í íbúð þeirra og spurt sig að því, hvort hann vildi gera tilboð í framkvæmd verksins. Kveðst Friðrik hafa sagt þeim, að hann mundi ekki gera tilboð í framkvæmd verksins, þar sem hann hefði í mörg undanfarin ár að mestu tekið að sér verk eftir reikningi og hefði eigi orðið af ágreiningur. Einnig væri það, að svo algengt væri, að breytingar og frávik væru gerð frá teikningu og verklýsingu, að oft stæði lítið eftir af upphaflegu tilboði, auk þess sem það ylli töfum að semja um hverja breytingu, sem óskað væri eftir, meðan unnið væri að verkinu. Friðrik kveðst hins vegar hafa boðizt til að vinna verkið eftir

reikningi og hafi hjónin samþykkt það nokkrum dögum síðar. Ekki kveður Friðrik verkinu hafa verið sett nein tímamörk. Friðrik kveður mjög mikilvæg frávík hafa verið gerð að frumkvæði hjónanna frá verklýsingu þeirri, sem fyrir hafi legið. Hafi nú m. a. eldhúsinnrétting öll verið klædd innan með plasti og skápar að ofan og neðan, auk þess hafi svo verið unnin ýmis viðbótarsmíði. Ekki kveður Friðrik aðalstefnanda hafa orðað það við sig, að verkið yrði metið af dómkvöddum matsmönnum og kveður sér ekki hafa verið kunnugt um það, fyrr en daginn áður en skoðun fór fram. Kveðst hann hafa mótmælt því við skoðunargerð matsmannanna, að hægt væri að meta verkið, þar sem svo margt væri ekki hægt að sjá af því, sem gert hefði verið. Sem dæmi um slíkt nefnir Friðrik það, að að beiðni eiginkonu aðalstefnda hafi verið skipt um öll grip á eldhúsinnréttingu (rennihurðum), eftir að innréttingin hafi verið sett upp. Óskað hafi verið eftir því, að dyragati í húsbóndaherbergi væri lokað og hillur smíðaður í dyragatið, breiðari en veggþykkt, felldar út á vegginn með bogahornum. Þá hafi eiginkona aðalstefnda óskað eftir því, að hliðar væru settar í dyraopið, en við það hafi orðið að breyta öllum hillunum. Þá hafi hrærivélalyfta verið sett í einn skáp í eldhúsinu samkvæmt teikningu, en svo hafi komið í ljós, að skál, sem eiginkona aðalstefnda hafi komið með, hafi ekki komið fyrir á vélinni. Þrátt fyrir það þótt eiginkonu aðalstefnda væri sagt, að þýðingarlaust væri að reyna að koma skálinni fyrir, hefði að hennar ósk verið gerðar breytingar í þessu skyni, en án árangurs. Þá kveður Friðrik það hafa tafið fyrir, að öll hæðarmál af eldavél, bakaraofni og viftu og teikningar af þeim á teikningunni hafi verið skökk. Einnig kveður hann viftuna hafa reynzt ónothæfa, þar sem engin loftrás hafi verið til að tengja loftop viftunnar við. Kveðst hann hafa óskað eftir, að aðalstefndi og arkitektinn fyndu lausn á þessu máli, en það hafi þeir ekki gert, því hafi orðið að smíða eldhúsinnréttinguna, án þess að lausn væri fundin á þessu og síðan að smíða skápinn við viftuna sér, eftir að henni hafði verið komið fyrir. Kveður Friðrik þetta hafa valdið miklum töfum. Friðrik kveður aðstöðu við uppsetningu hafa verið mjög erfiða, þar sem flutt hafi verið í íbúðina og hafi smíðir orðið að færa til húsgögn og eldhúsáhöld og hafi það valdið töfum á verkinu. Friðrik kveður hvorki aðalstefnda né eiginkonu hans hafa minnst neitt á kostnað vegna breytinga þeirra og viðbóta, sem gerðar hafi verið frá því, sem gert hafi verið ráð fyrir í upphafi.

Aðalstefndi, Sigurgeir Svanbergsson, hefur skýrt svo frá, að er íbúð hans hafi verið það langt á veg komin, að hann gæti hafizt handa um smíði innréttingar, hafi hann fengið Halldór Hjálmarsson húsgagnaarkitekt til að teikna innréttingar og semja útboðs- og vinnulýsingu. Hafi hann síðan leitað tilboða í smíði innréttinga, er skyldu sundurliðuð þannig:

1. Baðherbergi, skápar og ljósarenna.
2. Eldhúsinnrétting:
 - a) skápar og kringum ofn,
 - b) veggklæðning.
3. Skápur í svefnherbergi og bóndaherbergi.
4. Fataskápur í skála.

Aðalstefndi kveður það hafa verið þýðingarmikið fyrir sig, að verkið tæki sem skemmstan tíma. Hann kveðst svo í febrúarmánuði 1963 hafa leitað tilboða hjá þremur aðiljum. Allir hafi þeir gert munnleg tilboð. Tveir þeirra hafi ætlað sér of langan tíma til verksins, en aðalstefnandi hafi gert tilboð, er hljóðaði upp á kr. 160.000.00 — 180.000.00, og skyldi verkinu lokið um mánaðamót apríl og maí. Kveður aðalstefndi það hafa verið undirstrikað rækilega af hálfu aðalstefnanda, að verkið færi ekki fram úr kr. 180.000.00. Aðalstefndi kveðst hafa tekið þessu tilboði, en látið sitja við munnlegan samning. Er liðið var á verk-ið, kveður aðalstefndi aðalstefnanda hafa verið fenginn til að smíða og leggja til efni í eftirtalda hluti:

1. Skáp og borðplötu í þvottahúsi.
2. Bókahillu í húsbóndaherbergi (felld í dyr).
3. Spón á sjö hurðir.
4. Þrjár gluggakistur.

Ekki kveðst aðalstefndi hafa gert sér ljóst, hvað þessi viðbót mundi kosta, en taldi, að kostnaður gæti ekki farið fram úr kr. 20.000.00. Hann kveðst nú dagana 4. og 14. marz, 10. maí og 1. júlí 1963 hafa greitt aðalstefnanda samtals kr. 200.000.00 og hafi greiðslur þessar verið inntar af hendi í góðri trú vegna óvissunnar um aukaframkvæmdirnar. Aðalstefndi kveður, að af hálfu aðalstefnanda hafi hvorki verið staðið við fjárhæð tilboðsins né tímatakmörk þau, sem ákveðin hafi verið, því að í júlí 1963 hafi af hálfu aðalstefnanda verið lagður fyrir hann

reikningur, er numið hafi kr. 234.822.75, en við höfðun máls þessa hafi fjárhæð reiknings aðalstefnanda verið hækkuð í kr. 238.889.75.

Samkvæmt beiðni stefnda dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík tvo menn til þess að meta til peningaverðs innréttingar þær, sem aðalstefnandi hafði smíðað, og skyldi matið ná bæði til efnis og vinnu. Samkvæmt matsbeiðninni voru innrétt-ingarnar þessar:

1. Skápar og ljósarenni í baðherbergi.
2. Öll eldhúsinnréttingin.
3. Skápar í svefnherbergi.
4. Skápar í bóndaherbergi.
5. Fataskápur í skála.
6. Þrjár gluggakistur.
7. Skápur og borðplata í þvottahúsi.
8. Bókahilla í bóndaherbergi.
9. Spónn á 7 hurðir (aðeins efni).

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Einars B. Kristjáns-sonar húsasmíðameistara og Ólafs H. Guðmundssonar húsgagna-smíðameistara, sem dagsett er hinn 5. nóv. 1963, segir m. a. svo:

„Jafnframt því að við undirritaðir framkvæmdum athuganir okkar á innréttingum þeim, er okkur var falið að meta, leituð-um við upplýsinga hjá aðilum um aðstöðu við framkvæmd verks-ins, hvað verktaki hefði unnið og lagt til, sem ekki væru teikningar af eða ekki tekið fram í útboðslýsingu þeirri, sem fylgdi dóm-kvaðningunni, fylgiskjal 2, einnig hverju hefði verið breytt frá teikningum og útboðslýsingunni.

Útreikningar okkar byggjast á þeim athugunum, sem við framkvæmdum á staðnum, og þeim upplýsingum, er okkur voru látnar í té af málsaðilum.

Verðmætismat okkar tekur til allrar þeirra vinnu, efnis og annarra verðmæta, sem við teljum verktaka hafa lagt í verkið, eins og það var, þegar matið fór fram.

Sérstök áherzla er á það lögð í matsbeiðninni, að metið sé hvað fyrir sig, eins og nánar er tilgreint þar í töluliðum 1.–9., og fer mat okkar þannig sundurliðað hér á eftir:

- | | | |
|----|--|--------------|
| 1. | Skápar, ljósarenni og hillur í baðherbergi kr. | 10.220.00 |
| 2. | Eldhúsinnrétting | — 113.080.00 |

3.-4.	Skápar í svefnherbergi og bóndaherbergi, þessir skápar koma sem veggur milli herbergjanna og verða því merktir saman .. kr.	38.500.00
5.	Fataskápur í skála	— 13.650.00
6.	Þrjár gluggakistur (sólbekkir)	— 3.300.00
7.	Skápur og borðplata í þvottaherbergi ásamt skilvegg með ísettri rennihurð —	11.660.00
	(hurðina lagði verkkaupi til)	
8.	Bókahilla í bóndaherbergi	— 5.280.00
	(byggð upp í dyr)	
9.	Spónn á 7 hurðir og karma	— 2.145.00

Samkvæmt framanskráðu verður mat okkar á vinnu og efni samtals kr. 197.835.00

Krónur: Eitt hundrað níutíu og sjö þúsund átta hundruð þrjátíu og fimm 00/100.

Söluskattur er innifalinn í útreikningum okkar.

Mat okkar er miðað við verðlag, eins og það var á þeim tíma, sem verkið var unnið.

Reykjavík, 5. nóv. 1963.“

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Skýra matsmennirnir svo frá, að smíðin hafi verið vel unnin. Þeir kveða plastklæðningu vera nýja aðferð, sem sé erfiðari og dýrari vinna en vinna við spónlagðar innréttingar. Þeir kveðast hafa aflað sér upplýsinga hjá aðiljum um framkvæmd verksins við skoðun, en síðan hafi þeir aflað annarra upplýsinga, eftir því sem þeim hafi þótt þurfa. Það kemur fram, að annar matsmanni hafi haft undir höndum einhverja reikninga frá stefnanda, á meðan þeir matsmennirnir unnu að matsgerð sinni. Ekki hafa matsmenn getað gefið upplýsingar um það, hvort niðurstaða matsgerðarinnar byggist á því, að efniskostnaður sé þar talinn lægri en fram kemur í reikningum aðalstefnanda fyrir verkið. Ekki minnst matsmenn þess, að fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi við skoðun verksins óskað eftir því að fá síðar að koma að frekari upplýsingum um framkvæmd verksins. Við matið höfðu matsmennirnir undir höndum útboðs- og vinnulýsingu þá, sem aðalstefndi hafði látið gera. Það er skoðun matsmannanna, að hinir ýmsu hlutar verksins falli ýmist undir húsa-smíði eða húsgagnasmíði.

Kröfur aðalstefnanda í aðalsök eru á því byggðar, að aðalstefnandi hafi tekið að sér framkvæmd umrædds verks í tíma-vinnu. Af hálfu aðalstefnda hafi ekki verið vefengt, að starfsmenn aðalstefnanda hafi unnið þær vinnustundir, sem fram komi í reikningum aðalstefnanda, og ekki sé heldur vefengt, að efnisreikningar séu réttir. Er matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna mótmælt sem rangri og þýðingarlausri og því jafnframt mótmælt, að báðir matsmenn hafi sérþekkingu á húsgagnaframleiðslu eða húsainnréttingum.

Af hálfu aðalstefnda er því að vísu haldið fram, að aðalstefnandi hafi tekið að sér framkvæmd umrædds verks fyrir kr. 160.000.00—180.000.00, en þar sem hann hafi ekki tök á að færa sönnur að þessu samkomulagi, hafi hann ekki átt annarra kosta vól en að fá dómkvadda matsmenn til að meta verkið, er ekki hafi náðst samkomulag með aðiljum. Eru kröfur aðalstefnda á því byggðar, að samkvæmt matsgerðinni sé ljóst, að hann hafi þegar greitt aðalstefnanda meira en nóg fyrir verkið.

Kröfur aðalstefnda í gagnsök eru byggðar á því, að samkvæmt niðurstöðu matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna hafi hann þegar greitt aðalstefnanda meira en honum hafi borið. Eigi hann því rétt á að krefja aðalstefnanda um mismun þeirrar fjárhæðar, sem hann hafi greitt, kr. 200.000.00, og niðurstöðu-fjárhæðar matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna, kr. 197.835.00.

Sýknukrafa aðalstefnanda í gagnsök er byggð á sömu rökum og kröfur hans í aðalsök, þ. e., að hann hafi tekið að sér framkvæmd verksins í tímavinnu, aðalstefndi hafi hvorki vefengt reikninga fyrir efni né vinnu. Beri aðalstefnda því að greiða kostnað við verkið skv. endanlegum reikningi. Var því haldið fram við hinn munnlega flutning málsins, að með fyrirvaralausri greiðslu sinni á kr. 200.000.00 hefði aðalstefndi firrt sig öllum endurkröfurétti.

Gegn eindregnum andmælum af hálfu aðalstefnanda er ósannað, að hann hafi tekið að sér framkvæmd umrædds verks fyrir ákveðið verð. Það er fram komið, að aðalstefnandi hefur lagt fyrir aðalstefnda tvo reikninga fyrir verk þetta. Eru reikningar þessir þeir sömu að öðru leyti en því, að í síðari reikningnum, sem krafa aðalsakar er byggð á, er liður fyrir vanreiknaða fjárhæð vegna samlagningarskekkju, 100 st. á kr. 40.07 með sölu-skatti, eða kr. 4.007.00. Af hálfu aðalstefnanda hefur ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir því, í hverju samlagningarskekkja

Þessi er fólgin. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að af hálfu aðalstefnanda er við útreikning vinnulauna í kröfu hans reiknað með jöfnunarverði miðað við 2 eftirvinnutíma á dag, þannig að dagvinnustundir og þessar eftirvinnustundir eru reiknaðar á sama verði.

Að öllu athuguðu, sem fram er komið í máli þessu, þykir dóminum rétt við úrlausn aðalsakar að ákvarða endurgjald fyrir verk það, sem aðalstefnandi framkvæmdi fyrir aðalstefnda. Þykir það hæfilega ákveðið kr. 220.000.00. Aðalstefndi hefur þegar greitt kr. 200.000.00 af fjárhæð þessari. Verða úrslit aðalsakar því þau, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda kr. 20.000.00 og vexti af þeirri fjárhæð, sem ákveðast 7% frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum aðalsakar verða úrslit gagnsakar þau, að aðalstefnandi verður sýknaður af kröfum aðalstefnda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Gumundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jónasi Sólmundssyni og Sigurði Úlfarssyni hús-gagnasmíðameisturum.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Sigurgeir Svanbergsson, aðalstefnanda, Húsgagnavinnustofu Friðriks Þorsteinssonar h/f, kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal aðalstefnandi vera sýkn af kröfum aðalstefnda. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15. daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
